

Mál nr. 4/1999

M

og

Vátryggingarfélagið V v/skilmála heimilistryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu v. umferðarslyss þ. 31.10.1995.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 8.1.1999.
2. Örorkumat dags. 7.9.1998.
3. Bréf V. dags. 13.10. og 7.12. 1998 og 20.1. 1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. ólæsil./1998.
5. Bréf lögmanns M dags. 16.11.1998.
6. Yfirlýsing vinnuveitanda dags. 19.10.1998.

Málsatvik.

Skv. málavaxtalýsingu í örorkumati, lenti M í umferðarslysi á leið til vinnu. Varanleg örorka M vegna slyssins er metin 10%. M var með heimilistryggingu hjá V. V. hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum, að skv. tryggingarskilmálum heimilistryggingar M væri hún eingöngu tryggt gagnvart slysum í frítíma, en slysið hafi orðið þegar M hafi átt að vera í vinnu. Af hálfu M er því haldið fram, að hún hafi ekki verið við vinnu heldur á leið í vinnu, en M hafi haft sveigjanlegan vinnutíma.

Álit.

V hafnar bótaskyldu og bendir á, að V líti svo á, að slys í vinnutíma eða vegna ferða til og frá vinnu, þar sem til komi bætur frá Tryggingastofnun ríkisins svo og slysatryggingar launþega, séu ekki bótaskyld skv. skilmálum heimilistryggingarinnar. V. telur að túlka beri hugtakið “frítími” nokkuð þröngt, þar sem að öðrum kosti væri verið að auka áhættu félagsins langt umfram það sem iðgjaldið og áhættutaka gefa tilefni til. V bendir á, að M hafi í umrætt sinn verið á leið til vinnu og slysið tilkynnt sem vinnuslys.

Fyrir liggur, að M er ekki við vinnu þegar slysið varð heldur á leið til vinnu. Ekki er hægt að skilgreina ferðir til og frá vinnu, sem vinnutíma í þessu tilviki. Bótaskylda V er því fyrir hendi miðað við þær aðstæður sem hér ræðir um. Tilkynning M þykir ekki skipta máli í þessu tilviki.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyld.

Reykjavík 10.2.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.